

OFNÆMISLYF Á MEÐGÖNGU

Algengustu ofnæmislyfin eru andhistamin í töfluformi (per os) og staðbundin sterallyf. Flest andhistamín og staðbundin sterallyf eru örugg til notkunar á meðgöngu. Mælt er með notkun annarrar kynslóðar andhistamína, sem hafa sem minnst slævandi áhrif.

Mælt er með að fletta viðeigandi lyfi upp á [Janusinfo.se](https://janusinfo.se) m.t.t. nýjustu upplýsinga um öryggi þess við meðferð á meðgöngu og/eða í brjóstagjöf.

OFNÆMISLYF TIL INNTÖKU - ANDHISTAMÍN

Dæmi um ofnæmislyf sem eru talin örugg til notkunar á meðgöngu og í brjóstagjöf:

Desloratadin (Aerius®, Dasselta®, Flynnise®), loratadin (Loritin®, Clarityn®) og fexofenadin (Telfast®, Nefoxef®).

OFNÆMISLYF Í ÚÐAFORMI

Dæmi um nefsprey sem eru talin örugg til notkunar á meðgöngu og í brjóstagjöf:

Avamys®, Nasonex®, Flixonase®, Dymista® og Mometason Apofri®.

AUGNDROPAR

Dæmi um augndropa sem eru taldir öruggir til notkunar á meðgöngu og í brjóstagjöf:

Levokabastin (Livostin®), ketotifen (Zaditen®) og olopatadin (Opatanol®).